

## Breytingartillögur

við frv. til l. um neytendakaup.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 14. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:  
Neytandi ber þó ekki áhættuna af tilviljunarkenndum atburði sem verður meðan hluturinn er hjá seljanda, enda sé ekki unnt að rekja atburðinn til eiginleika hlutarins sjálfs.
2. Við 15. gr.
  - a. Í stað orðanna „kvaðir frá þriðja manni“ í fyrri málslíð g-liðar 2. mgr. komi: réttindi þriðja manns.
  - b. Í stað orðsins „kvaðir“ í síðari málslíð g-liðar 2. mgr. komi: réttindi.
3. Í stað orðanna „og ætla má að hafi haft áhrif á kaupin“ í c-lið 1. mgr. 16. gr. komi: nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.
4. Á eftir orðinu „Jafnframt“ í upphafi 3. mgr. 27. gr. komi: er neytanda.
5. Í stað orðanna „þegar galli er“ í 32. gr. komi: galli sé.
6. 3. mgr. 37. gr. orðist svo:  
Seljandi getur ekki til viðbótar kaupverðinu krafist þóknunar fyrir að gefa út og senda reikning. Þetta gildir ekki þegar augljóst er að kaupverðið er staðgreiðsluverð en seljandi hefur eigi að síður veitt greiðslufrest.
7. Fyrirsögn 40. gr. orðist svo: *Skylda neytenda til að stuðla að efndum kaupa.*
8. Í stað orðanna „gilda lög“ í 61. gr. komi: gilda lög þessi.
9. Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:  
Greini aðila að neytendakaupum á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögum þessum geta þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kærnefndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000.